



Reykjanesbær, 13. febrúar 2026

713. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grænásbraut 910
17. febrúar 2026, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 5. og 12. febrúar 2026 (2026010008)
2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 6. febrúar 2026 (2026010016)
3. Fundargerð stjórnar eignasjóðs 29. janúar 2026 (2026010015)
4. Fundargerð menntaráðs 6. febrúar 2026 (2026010013)
5. Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs 11. febrúar 2026 (2026010010)
6. Fundargerð velferðarráðs 12. febrúar 2026 (2026010017)
7. Fundargerð lýðheilsuráðs 12. febrúar 2026 (2026010011)
8. Fjárfestingaverkefni 2025 – svar við fyrirspurn vegna framkvæmda og kostnaðar (2024090522)
9. Erindisbréf fyrir samráðshóp um málefni fatlaðs fólks (2019120096)



Fundargerð

1550. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
5. febrúar 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðbergur Reynisson, Guðný Birna Guðmundsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Margrét A. Sanders boðaði forföll, Guðbergur Reynisson sat fyrir hana.

* * *

1. Kostnaður vegna málefna fatlaðs fólks (2026020053)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Ólafur Garðar Rósinkarsson verkefnastjóri í málefnum fatlaðra mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað um útgjöld Reykjaneshæjar í málefnum fatlaðs fólks.

Bæjarráð þakkar fyrir samantektina.

2. Fundargerð stjórnar Eignasjóðs 29. janúar 2026 (2026010015)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Eignasjóðs.

3. Umsögn vegna rekstrarleyfis – Hótel Lindarbraut ehf., Lindarbraut 634 (2025110179)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstur gististaðar í flokki IV - A. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjaneshæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagna.

4. Umsögn vegna rekstrarleyfis - Kiwi veitingar ehf., Njarðarvellir 4 (2026010264)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstur veitingastaðar í flokki II-C. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjaneshæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagna.

5. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 23.-25. september 2026 (2026020043)

Lagt fram fundarboð um landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

6. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 13. nóvember 2025 (2025020452)

Lögð fram til kynningar fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja.

7. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. janúar 2026 (2026010670)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

8. Fundargerð aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 9. desember 2025 (2026020035)

Lögð fram fundargerð aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

9. Umsagnarmál í samráðsgátt (2026010453)

Drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga, mál nr. 15/2026

<https://island.is/samradsgatt/mal/4162>

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum, mál nr. 3/2026

<https://island.is/samradsgatt/mal/4150>

Könnun um einföldun regluverks um verkefni sveitarfélaga, mál nr. 27/2026

<https://island.is/samradsgatt/mal/4174>

Umsagnarmál lögð fram.

10. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2026010648)

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2030, 322. mál

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/157/322/?ltg=157mnr=322>

Reykjanesbær sendir inn umsögn í samráðsgátt um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2030.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.), 312. mál

<https://www.althingi.is/altext/157/s/0436.html>

Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks, 311. mál

<https://www.althingi.is/altext/157/s/0435.html>

Frumvarp til laga um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn, 305. mál

<https://www.althingi.is/altext/157/s/0426.html>

Tillaga til þingsályktunar um fasta starfsstöð þylu Landhelgisgæslunnar á Akureyri, 16. mál

<https://www.althingi.is/altext/157/s/0016.html>

Umsagnarmál lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50.



Fundargerð

1551. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
12. febrúar 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðbergur Reynisson, Guðný Birna Guðmundsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Margrét A. Sanders boðaði forföll, Guðbergur Reynisson sat fyrir hana.

* * *

1. Umsögn vegna rekstrarleyfis – Viðar Vignisson, Þverholt 8 (2026020083)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um reksturs gististaðar í flokki II - G. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð hafnar umsókninni með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

2. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 4. febrúar 2026 (2026020138)

Lögð fram til kynningar fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

3. Umsagnarmál í samráðsgátt (2026010453)

- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum, mál nr. 3/2026
<https://island.is/samradsgatt/mal/4150>

Umsagnarmál lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:38



Fundargerð

382. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
6. febrúar 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Andrea Elísabet Ragnarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs, Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri byggingafulltrúa, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. Ársskýrsla umhverfis- og framkvæmdasviðs 2025 (2025060044)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs kynnti ársskýrslu umhverfis- og framkvæmdasviðs 2025.

Lagt fram.

2. Starfsáætlun umhverfis- og framkvæmdasviðs 2026 (2026010486)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs kynnti starfsáætlun umhverfis- og framkvæmdasviðs 2026.

Lagt fram.

3. Fitjabraut og Fitjabakki - gangandi og hjólandi umferð (2025090263)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs fór yfir stöðuna.

Lagt fram.

4. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis - samgönguáætlun (2026010648)

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar 322. mál – Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030. Umsögn sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs og atvinnu- og hafnarsviðs lögð fram.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir umsögn sviðsstjóra.

5. Beiðni um þróunar- og samstarfssamning - Þórukot ehf. (2025090372)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs kynnti þróunar- og samstarfssamning milli Reykjaneshæjar og Þórukots ehf.

Umhverfis- og skipulagsráð gerir ekki athugasemd við samstarfssamninginn.

6. M2 miðbær - breyting á aðalskipulagi (2019060056)

Eysteinn Eyjólfsson véc af fundi við afgreiðslu málsins.

Skipulagslýsing og vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Breytingin felst í fjölgun íbúða á svæði M2-miðbær sbr. uppdrátt Kanon arkitekta og VSÓ Rágjöf dags 29. janúar 2026.

Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að auglýsa skipulagslýsingu og vinnslutillögu að breyttu aðalskipulagi á svæði M2.

7. Leiksvæðið Hugarflugvöllur - kynning (2026020044)

Samúel Torfi Pétursson f.h. Kadeco og Embla Vigfúsdóttir f.h. ÞYKJÓ kynna tillögu ÞYKJÓ að leiksvæðinu Hugarflugvöllur á Ásbrú.

Lagt fram.

8. Grenndarstöðvar í Reykjanesbæ (2025050211)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi leggur fram tillögu að staðsetningu grenndarstöðva í Reykjanesbæ sbr. erindi dags. 2. febrúar 2026. Staðsetningar sem lagðar eru til eru við Elliðavelli/Bjarnaróló, Afreksbraut, Geirdal, áningarstað við Fitjar, hæfingastöðina Ásbrú og í Höfnum.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir staðsetningar við Fitjar, Hæfingastöðina og í Höfnum. Grenndarstöðvar við Elliðavelli/Bjarnaróló og Afreksbraut er samþykkt að senda í grenndarkynningu.

9. Hafnargata 56 - niðurstaða grenndarkynningar (2025100183)

JeES arkitektar leggja fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi f.h. bgb - ferðapjónustu ehf. sbr. uppdrætti dags. 9. október 2025. Lagt er til að fjölga bílastæðum í bílageymslu um þrjú bílastæði og íbúðum um þrjár, frá 15 íbúðum í 18 íbúðir. Stækkun hússins verður með nýrri rishæð, á tveimur einingum af fimm, í samræmi við nærliggjandi mannvirki og komandi skipulag, þannig að samtenging við umhverfið verði sterkari. Að öðru leyti helst skipulagið óbreytt.

Erindi frestað, skortur er á rökstuðningi varðandi bílastæðahlutfall.

10. Flugvallarbraut 734 - Ósk um breytta nýtingu fasteigna (2026020021)

Elfoss ehf. leggur fram erindi dags. 30. janúar 2026. Óskað er eftir að breyta byggingunni í 8 smáíbúðir.

Umhverfis- og skipulagsráðs samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

Ráðið heimilar að stytta tímabil grenndarkynningar, skv. 3. mgr. 44. greinar skipulagslaga, ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

11. Hafnarbakki 10 (2021050189)

Go7 ehf. óskar heimildar til að fjölga íbúðum í húsinu úr 10 í 17 sbr. breytingaruppdrátt Riss verkfræðistofu dags 9. desember 2025.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir breytinguna með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

Ráðið heimilar að stytta tímabil grenndarkynningar, skv. 3. mgr. 44. greinar skipulagslaga, ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

12. Kirkjuvegur 37 (2025120346)

Sótt er um stækkun á bílgeymslu sbr. aðaluppdrætti AVJ teiknistofu dags. 20. ágúst 2023. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti breytinguna á fundi dags 23. júní 2023, en þar sem ekki var sótt um byggingarleyfi innan árs sbr. 4. mgr. 44. gr. skipulagslaga fellur afgreiðslan úr gildi.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

Ráðið heimilar að stytta tímabil grenndarkynningar, skv. 3. mgr. 44. greinar skipulagslaga, ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

13. Njarðarvellir 6 - fjölgun íbúða í fasteigninni (2026010571)

Nesvellir íbúðir ehf. leggja fram erindi dags 19. janúar 2026 um heimild til að breyta geymslurými í kjallara í 9 íbúðir.

Umhverfis- og skipulagsráð leggst ekki gegn fjölgun íbúða á reit, en tryggja þarf gæði íbúða m.t.t. dagsbirtu. Bent er á að bílastæðahlutfall er 0,6 bílastæði á íbúð. Skipulagsfulltrúa er falið að fylgja málinu eftir.

14. Fjarskiptastaur að Klettatröð 3 (2026010478)

Íslandsturnar sækja um heimild til uppsetningar á fjarskiptastaur að Klettatröð 3 með erindi dags. 19. janúar 2026. Um er að ræða 16m stálstaur á undirstöðu. Búnaður fjarskiptarekenda er annars vegar í 13m² tengiskúr á jörð og hins vegar á staur ofanverðum.

Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 3.

15. Reykjaneshöfn - umferðarmerkingar (2026020049)

Verkfræðistofa Suðurnesja með erindi dags. 29. janúar 2026 f.h. Reykjaneshafna óskar eftir breytingu á umferðarmerkingum við Bakkaveg, Víkurbraut og Hrannargötu. Tillaga að breytingum er svohljóðandi: Stöðvunarskylda verði sett á Bakkaveg þar sem nú er biðskylda. Stöðvunarskylda verði sett á Víkurbraut þannig að umferð á Bakkastíg hafi réttinn.

Erindi hafnað. Þar sem um er að ræða tímabundið verkefni við Njarðvíkurhöfn getur umhverfis- og skipulagsráð ekki samþykkt breytingu á umferðarmerkingum en sveitarfélagið ásamt framkvæmdaaðila, Heilbrigðiseftirliti og lögreglu sameinist um að greiða leiðina og bæta merkingar.

16. Fuglavík 31 - umsókn um lóð (2026010496)

Bárusker ehf. sækir um lóðina Fuglavík 31.

Lóðarumsókn samþykkt.

17. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 394 (2026010307)

Fundargerð 394. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa þann 13. janúar 2026.

Lagt fram.

18. Fundargerð skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar 28. janúar 2026 (2026020008)

Fundargerð 140. fundar Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar þann 28. janúar 2026.

Lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:46.



Fundargerð

25. fundur stjórnar eignasjóðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
29. janúar 2026, kl. 14:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Birgir Már Bragason, Friðjón Einarsson, Grétar I. Guðlaugsson, Sigurður Garðarsson og Harpa Björg Sævarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Öryggiskerfi Reykjaneshæjar - vöktun, prófanir og viðhald (2021110108)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu gerði grein fyrir málinu.

2. Leikskólinn Hjallatún - innanhússbreytingar (2026010238)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir þarfagreiningu vegna beiðni um breytingar á leikskólanum Hjallatúni.

Stjórn eignasjóðs samþykkir að unnin verði nánari hönnun og kostnaðaráætlun í samræmi við samþykkt verklag.

3. Grænásbraut 910 - lýsing á lóð (2023030333)

Lagt fram.

4. Njarðvíkurbraut 51-66 (2019052691)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs gerði grein fyrir stöðu mála varðandi húsnæði sveitarfélagsins að Njarðvíkurbraut 51-66.

Stjórn eignasjóðs felur sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs og deildarstjóra eignaumsýslu að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

5. Fjárfestingar og viðhald 2025 - uppgjör (2024090522)

Uppgjör vegna fjárfestinga og viðhalds fyrir árið 2025 lagt fram.

6. Þórustígur 3 (2025100409)

Bæjarráð fól stjórn eignasjóðs að móta framtíðarsýn fyrir húsnæðið að Þórustíg 3.

Stjórn eignasjóðs felur sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs og deildarstjóra eignaumsýslu að vinna málið áfram.

7. Tjarnargata 12 – staða framkvæmda (2019050839)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu framkvæmda að Tjarnargötu 12.

8. Mainmanager - uppsögn samnings (2021020366)

Ákveðið var að skipta um húsumsjónarkerfi eignaumsýslu Reykjanesbæjar og hefur samningi um hugbúnaðinn Mainmanager því verið sagt upp.

9. Búnaðarkaup - skönnunar- og myndvinnslulausn (2026010246)

Eignaumsýsla Reykjanesbæjar fór í ítarlega skoðun á búnaði og hugbúnaði til kortlagningar á viðhaldi mannvirkja, skráningar á búnaði og þrívíddarskönnunar í framkvæmdum. Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir þann hugbúnað sem varð fyrir valinu og hvernig eignaumsýslan mun nýta sér þessa tækni í framtíðinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:49.



Fundargerð

393. fundur menntaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
6. febrúar 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Harpa Björg Sævarsdóttir, Ríkharður Ibsen og Sighvatur Jónsson.

Að auki sátu fundinn Sigurbjörg Róbertsdóttir fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Ingunn Rós Valdimarsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Ólöf Magnea Sverrisdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Anna Lydia Helgadóttir fulltrúi leikskólakennara, Maciej Baginski fulltrúi foreldra leikskólakennara, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Staða framkvæmda (2024040176)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mætti á fundinn og kynnti stöðu framkvæmda á menntasviði.

Meirihluti menntaráðs fagnar góðum árangri í uppbyggingu Holtaskóla og Myllubakkaskóla. Meirihluti menntaráðs telur mikilvægt að halda áfram uppbyggingu leikskólalássa í Reykjaneshæ bæði með auknum plássum á núverandi leikskólum líkt og við Skógarás en einnig uppbyggingu á nýjum. Hvetur menntaráð til að farið verði sem fyrst af stað við niðurrif leikskólans Garðasels og undirbúning hönnunar á nýjum leikskóla á sömu lóð.

2. Íþróttir á skólatíma í grunnskólum (2026020054)

Halldór Rósmundur Guðjónsson (Y) lagði fram tillögu um íþróttir á skólatíma í grunnskólum Reykjaneshæjar.

Menntaráð Reykjaneshæjar fagnar framlagðri tillögu um verkefnið „Íþróttir fyrir alla – Reykjaneshæ“, sem felur í sér að efla hreyfingu og þátttöku nemenda í grunnskólum bæjarins með skipulögðum íþróttum á skólatíma með áherslu á vellíðan, þátttöku sem flestra nemenda og samþættingu náms og hreyfingar í anda grunnskólalaga og menntastefnu Reykjaneshæjar.

Menntaráð telur að tillagan falli vel að menntastefnu Reykjaneshæjar og áherslum um vellíðan, jafnræði og aukna þátttöku barna í skólastarfi.

Menntaráð samþykkir að skipaður verði starfshópur sem í verði fulltrúi menntasviðs og skólastjórar Háaleitisskóla, Heiðarskóla og Njarðvíkurskóla, sem hafi það hlutverk að skoða fýsileika þess að nemendum í grunnskólum Reykjaneshæjar verði boðið að taka þátt í valkvæðum íþróttum á skólatíma, með skýrum áherslum á vellíðan og gleði, þátttöku sem flestra nemenda og samþættingu náms.

Starfshópurinn fari yfir fýsileika verkefnisins, hugsanlegar leiðir að þróun þess, sem geti verið mismunandi eftir skólum, og komi með tillögur um tímaramma og útfærslu verkefnisins til skemmri og lengri tíma.

Niðurstöður starfshópsins verði kynntar á fundi menntaráðs í apríl 2026.

Að því tilskildu að verkefnið verði metið fýsilegt er gert ráð fyrir að tilraunaverkefni geti hafist haustið 2026 í þeim skólum sem hafa áhuga á þátttöku. Starfshópnum er falið að útfæra verkefnið nánar með hliðsjón af aðstæðum og áherslum hvers skóla fyrir sig.

3. Starfsáætlun skrifstofu menntasviðs 2026 (2026010486)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs fór yfir helstu áherslur í starfsáætlun sviðsins fyrir árið 2026.

Menntaráð þakkar fyrir skýra og metnaðarfulla starfsáætlun.

4. Staða leikskólamála (2026020073)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs fór yfir greinargerð um stöðu leikskólamála í Reykjanesbæ með tilliti til fjölda barna á leikskólaaldri, heildarfjölda leikskólapláss og svigrúms sveitarfélagsins til að standa við markmið um að taka börn inn í leikskóla frá 18 mánaða aldri.

Meirihluti menntaráðs fagnar greinargerð um stöðu leikskólamála. Í greiningunni kemur fram að leikskólapláss í Reykjanesbæ eru alls 1.190. Þegar rýnt er í fjölda barna á leikskólaaldri eins og fjöldi þeirra er í sveitarfélaginu okkar núna, er ljóst að mögulegt er að taka inn öll 18 mánaða börn í leikskólana og jafnvel taka inn enn yngri börn. Fjöldi leikskólabarna hverju sinni getur breyst tiltölulega hratt með aukningu íbúa. Einnig þarf að hafa í huga mönnun leikskólanna okkar af fagmenntuðu starfsfólki og að við stöndum vörð um faglegt starf leikskólanna okkar. Engu að síður er ljóst að markmiðið um að ná inn 18 mánaða börnum mun nást á árinu, í síðasta lagi í innritun barna í ágúst. Jafnvel verður hægt að innrita yngri börn ef ytri aðstæður haldast góðar, þ.e. mönnun leikskólanna og ef ekki kemur til mikillar fjölgunar barna undir tveggja ára aldri í Reykjanesbæ.

Ríkharður Ibsen (D) lagði fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks telur að þessari vinnu sé mjög ábótavant og kallar eftir heildstæðri greiningu. Ljóst má vera að biðlistar Reykjanesbæjar eru mun lengri en annarra sveitarfélaga. Einnig virðist vera að Reykjanesbær standi afar illa að vígi þegar kemur að því að taka börn inn í leikskóla við 18 mánaða aldur sem hefur verið lofað síðustu tvö kjörtímabil. Staðan í þessum málaflokki virðist vera langverst í Reykjanesbæ miðað við önnur sambærileg sveitarfélög á landinu. Skortur er á gögnum, sannreyndum tölum og samanburðargreiningu til þess að gera gangskör í þessum efnum. Slæm staða í leikskólamálum kemur niður á samkeppnishæfni sveitarfélagsins.

5. Samræmt námsmat í grunnskólum (2026010453)

Umsögn starfsfólks skrifstofu menntasviðs um drög að reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats í grunnskólum lögð fram.

Menntaráð tekur undir umsögn starfsfólks skrifstofu menntasviðs. Menntaráð fagnar drögum að nýrri reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd á samræmdu námsmati. Að sama skapi tekur menntaráð undir mikilvægi þess að námsmatið eigi fyrst og fremst að

nýtast innan skólakerfisins til að auka gæði náms og stuðning við nemendur en ekki til opinberrar röðunar skóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:34.



Fundargerð

202. fundur íþrótt- og tómstundaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
11. febrúar 2026, kl. 15:30

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir, Sindri Kristinn Ólafsson og Jóhann Gunnar Sigmarsson.

Að auki sátu fundinn Rúnar Vífill Arnarson formaður Íþróttabandalags Reykjaneshæjar, Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs og Hafþór Barði Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs boðaði forföll.

* * *

1. Fjármál UMFN - kynning (2026020101)

Ágústa Guðmarsdóttir, fjármálastjóri Ungmennafélags Njarðvíkur, mætti á fundinn og gerði grein fyrir fjármálum félagsins og því starfi sem hún er að inna af hendi fyrir félagið.

Íþrótt- og tómstundaráð þakkar Ágústu Guðmarsdóttur, fjármálastjóra Ungmennafélags Njarðvíkur, fyrir greinargóða kynningu.

2. Umsjón og rekstur á Fimleikaakademíunni (2026020099)

Samningurinn um umsjón og rekstur á Fimleikaakademíunni lagður fram og samþykktur.

3. Barna- og ungmennastarf Fimleikadeildar Keflavíkur (2026020106)

Samningurinn um eflingu barna- og ungmennastarfs Fimleikadeildar Keflavíkur lagður fram og samþykktur.

4. Styrkir til greiðslu fasteignaskatts (2026020100)

Reykjaneshæðr auglýsir eftir umsóknum um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer menningar-, íþrótt-, tómstunda- og/eða mannúðarstarfsemi sem er rekin í almannabágu eða þágu æskulýðs.

Heimild sveitarfélaga til undanþágu frá greiðslu fasteignaskatts er að finna í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts getur að hámarki numið upphæð álagðs fasteignaskatts fyrir árið 2026. Styrkur til greiðslu fasteignaskatts af lóð reiknast í sama hlutfalli og af húsnæði. Allar nánari upplýsingar er að finna í reglum sveitarfélagsins um styrki til greiðslu fasteignaskatts.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2026. Með umsókn skal fylgja ársreikningur 2025, lög félagsins og stutt greinargerð um starfsemina. Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið skjaladeild@reykjanesbaer.is merktum „Umsókn um styrk til greiðslu fasteignaskatts“.

[Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts.](#)

5. Starfsáætlun íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsamála 2026 (2026010486)

Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi fylgdi úr hlaði starfsáætlun íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsamála fyrir starfsárið 2026.

6. Upplýsingagjöf íþrótta- og tómstundafulltrúa (2025110206)

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir ýmis mál er varða málaflokkinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.



Fundargerð

451. fundur velferðarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
12. febrúar 2026, kl. 13:00

Viðstaddir: Sigurrós Antonsdóttir formaður, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Birna Ósk Óskarsdóttir, Eyjólfur Gíslason og Róbert Jóhann Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Andri Fannar Freysson boðaði forföll og sat Róbert Jóhann Guðmundsson fundinn í hans stað.

* * *

1. Starfsáætlun velferðarsviðs 2025 - niðurstöður (2025010427)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs fór yfir framgang helstu verkefna sem sett voru fram í starfsáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2025.

2. Starfsáætlun velferðarsviðs 2026 - drög (2026010486)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti helstu áherslur og markmið starfsáætlunar velferðarsviðs fyrir árið 2026.

3. Ársskýrsla velferðarsviðs 2025 (2025060044)

Málinu frestað til næsta fundar.

4. Farsæld barna - aðgerðaáætlun 2026 (2023050248)

Eydís Rós Ármannsdóttir verkefnastjóri mætti á fundinn og kynnti aðgerðaáætlun fyrir árið 2026 vegna innleiðingar á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hjá Reykjaneshæ.

5. Fundargerð Samtakahópsins 8. janúar 2026 (2026020246)

Gunnhildur Gunnarsdóttir, forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins og Melkorka Ýr Magnúsdóttir, deildarstjóri þjónustu í frístund barna og unglinga, mættu á fundinn og fylgdu eftir fundargerð Samtakahópsins. Á fundi hópsins var unnið að endurskoðun á markmiðum og gildum hópsins.

6. Leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu (2025120125)

Grindavíkurbær og Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík óskuðu eftir viðræðum um mögulega samvinnu um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu, þar sem Reykjaneshæ yrði leiðandi sveitarfélag. Viðræður eru hafnar.

Lagt fram til kynningar.

7. Mælaborð velferðarsviðs (2026020247)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs fór yfir mælaborð sviðsins fyrir janúar 2026.

8. Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur - tölulegar upplýsingar (2026020248)

Tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í janúar 2026 lagðar fram.

Fjárhagsaðstoð

Í janúar 2026 fengu 113 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 17.214.688 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali um 152.342 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 30.

Í janúar 2025 fengu 158 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 23.877.229 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali 151.122 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 56.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í janúar 2026 fengu 270 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.935.890 kr.

Í janúar 2025 fengu 274 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 6.770.575 kr.

Áfrýjunarnefnd

Í janúar 2026 var haldinn einn fundur áfrýjunarnefndar. 21 mál var lagt fyrir nefndina. Átta erindi voru samþykkt, fimm synjað og átta erindum frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:43.



Fundargerð

65. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
12. febrúar 2026, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn: Hafþór Barði Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi, Guðdís Malín Magnúsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. Vika 6 - kynfræðsla í grunnskólum Reykjaneshæjar (2026020071)

Þormóður Logi Björnsson mætti á fund Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar og kynnti vinnu við Viku 6 í grunnskólum Reykjaneshæjar. Hann greindi frá markmiðum verkefnisins, framkvæmd og áherslum í forvarnarstarfi innan skólanna.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir greinargóða kynningu.

2. Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2026 (2026020068)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi sagði frá alþjóðlega netöryggisdeginum sem haldinn var 10. febrúar sl.

Lýðheilsuráð minnir á vefsíðu Netvís.is sem hefur að geyma ýmsa fræðslu fyrir börn, ungmennti, foreldra og fagfólk.

3. Uppgjör frístundastyrks árið 2025 (2025120199)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi fór yfir nýtingu frístundastyrks Reykjaneshæjar. Helstu tölur voru kynntar og hefur þátttaka barna 4 til 18 ára aukist úr 57,9% árið 2022 í 64,1% árið 2025, þátttaka hefur aukist um 1,7% frá 2024-2025. Þátttaka erlendra barna hefur aukist úr 28,4% árið 2022 í 43,2% árið 2025, þátttaka hefur aukist um 9,5% frá 2024-2025.

4. Lífshlaupið 2026 (2026010255)

Lýðheilsuráð vill koma á framfæri kærnum þökkum til allra þeirra sem taka þátt í Lífshlaupinu og huga þannig að heilsu sinni og velferð.

5. Ofbeldi gagnvart öldruðum (2026020070)

Lýðheilsuráð óskar öllum sem komu að ráðstefnunni Ofbeldi gagnvart öldruðum, sem haldin var á Nesvöllum nýverið, til hamingju með tilprifamikinn viðburð sem eykur vitundarvakningu um málefnið.

6. Aðgangur að vatni í íþróttamannvirkjum og tómstundamiðstöð (2026010277)

Lýðheilsuráð fól Hafþóri Birgissyni á síðasta fundi ráðsins að kanna hvernig aðgengi væri að vatni í íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar og tómstundamiðstöð.

Aðgengi að vatni er almennt gott og eru notendur mannvirkjanna hvött til að drekka sem mest af vatni.

7. Mottumars 2026 - viðburður lýðheilsuráðs (2026020181)

Lýðheilsuráð minnir á mottumars. Ráðið mun standa fyrir viðburði í samstarfi við Krabbameinsfélag Suðurnesja líkt og undanfarin ár. Viðburðurinn verður haldinn 24. mars n.k. í Vatnaveröld og verður auglýstur nánar síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.